

## Skólaráðsfundur 26.09.2024

Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldraráðs), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Anna Sigrún Jónsdóttir (fulltrúi kennara), Emilía Ísis Nökkvadóttir (fulltrúi nemenda), Ólafur B. Thoroddsen (fulltrúi nemenda), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólustjóri) og Brynjar M. Ólafsson (skólustjóri).

Skólabyrjun skólavetursins 2024-2025: Það eru ekki jafn miklar mannabreytingar og síðasta ár og eins og víða erfitt að fá nýja kennara til starfa. Það starfa 6 leiðbeinendur við skólann og allir nema einn eru staddir í kennaranámi. Í frístundinni, Krakkalandi hefur verið erfitt að manna og eingöngu nemendur í 1. og 2. bekk komnir inn.

Starfsáætlun Snælandsskóla 2024-2025: Starfsáætlunin hefur verið uppfærð með litlum áherslubreytingum. Það ber þó að nefna:

Breytingar á uppbyggingu ÍSAT kennslunni í skólanum. Ákveðið hefur verið að bæta í og fjölga ÍSAT kennslustundum. Alla morgna vikunnar eru nemendur sem þurfa kennslu í íslensku sem annað tungumál í tveimur fyrstu kennslustundunum. Þar er hópaskipting út frá stöðu nemenda. Um 20 börn í skólanum eru í þessum kennslustundum en u.þ.b. 100 nemendur við skólann eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna. Fulltrúi foreldrafélags benti á starfsmann í framhaldsskóla sem vert væri að leita til við þróun þessa verkefnis.

Önnur breyting sem við teljum jákvæða er að við höfum tekið upp vinnu sem heitir, Góður grunnur í 1. og 2. bekk. Vinnufyrirkomulagið kemur frá Álfhólsskóla og felur í sér að fjölga kennurum í árganginum þegar annar hvor árgangurinn er í list- og verkgreinum. Með aukningu kennara gefur það betri möguleika á að vinna með minni hópa eftir getu og þörfum og ætti þannig að leggja betri grunn að lestri og íslensku nemenda.

Áfram verða áherslur á leiðsagnarnám við skólann, vinnu með læsi og bekkjarstjórnun. Foreldraráð mun einnig vera með okkur í verkefnum sem tengjast samskiptum og vináttu.

Loks var rennt yfir efnisyfirlit áætlunarinnar fyrir fulltrúa nemenda til að þeir kæmust betur að innihaldi hennar. Þar var stiklað á ýmsu. Fulltrúi nemenda spurði spurninga um fjölda atburða á vegum bekkjarfulltrúa og fékk þær upplýsingar að miðað væri við einn atburð í skólanum og annan utan hans.

Starfsáætlun skólans var samþykkt einróma.

Starfsáætlun Krakkalands 2024-2025: Fundurinn fór hratt yfir áætlunina og hún var síðan samþykkt einróma.

Afmælishátíð Snælandsskóla 1. nóvember: Fundurinn ræddi aðkomu foreldrafélags skólans að hátíðinni og líkleg dagskrá var rædd. Ítarlegri dagskrá verður kynnt síðar.